

Tillaga	A 1928/UVU Þingmannatillaga um bættar aðstæður fyrir viðskipti á Norðurlöndum
Flytjandi	Flokkahópur hægrimanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um bættar aðstæður fyrir viðskipti á Norðurlöndum

Flokkahópur hægrimanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna verði hafin samkvæmt þeim tilmælum sem koma fram í þingmannatillögunni, og

að hún gefi ráðinu eigi síðar en 31. júní 2023 upplýsingar um framgang vinnu samkvæmt þeirri tillögu og að hve miklu leyti viðskipti hafa verið einfölduð milli Norðurlanda.

Bakgrunnsupplýsingar

Í september 2017 samþykktu norrænu samstarfsráðherrarnir áætlunina „2030-kynslóðin“ sem hefur það markmið að tryggja framkvæmd „Dagskrár 2030“, vekja áhuga á henni, stuðla að þekkingu og auka sýnileika hennar bæði innan og utan Norðurlanda. Tveimur árum seinna, 20. ágúst 2019, var næsta skref tekið á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar í Reykjavík, þegar því var lýst yfir að Norðurlönd skyldu verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 og að því markmiði skyldi náð með því að fjárfesta í grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum. Um einu og hálfu ári síðar, í febrúar 2020, greindist fyrsta Covid-19-smitið á Norðurlöndum.

Kórónuveirufaraldurinn leiddi til aðstæðna um allan heim sem fá hefðu getað ímyndað sér aðeins nokkrum mánuðum fyrr. Fyrst komu tilmæli um að forðast ónauðsynlegar ferðir til ýmissa landa, síðan landamæratáknir, ráðleggingar um að forðast ónauðsynlegar ferðir innanlands og loks urðu takmarkanir á möguleikum margra íbúa á Norðurlöndum til að heimsækja nágrennalönd sín og sækja þar vinnu. Heimsfaraldurinn varpaði skyndilega ljósi á ýmsa vankanta sem ekki höfðu áður sést.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í skýrslu Sænska viðskiptaráðsins, „Stronger Integration and Enhanced Free Movement in the Nordic Region“, sem var kynnt fyrr í ár og dregur fram ýmis svið sem má bæta innan norræns samstarfs. Og norrænt samstarf



er einstaklega mikilvægt. Hvert og eitt okkar er aðeins líttill hluti af hagkerfi heimsins en saman erum við eitt af tíu stærstu hagkerfum heims. Þetta gefur okkur vægi og þess vegna þurfum við að gera okkar allra besta til að vinna að samþættingu og frjálsri för fólks innan Norðurlanda.

Viðskiptaráðið kynnti alls fimm svið sem leggja þarf áherslu á til að styrkja norræna markaðinn – gagnkvæma viðurkenningu, stöðlun, viðskipti með þjónustu, Solvit-samstarf og samræmda framkvæmd ESB-reglugerða. Við teljum að nota skuli þessar tillögur sem grundvöll öflugan norrænan markað.

Áherslusviðin eru í stuttu máli þessi:

1. Samræmd framkvæmd ESB-reglugerða. Markmiðið með þessari tillögu er að afnema hindranir í viðskiptum milli landanna. Samkvæmt Sænska viðskiptaráðinu hefur slíkt verið skoðað í ýmsum myndum frá árinu 1995 og undir formennsku Finnlands í Norrænu ráðherranefndinni var gerð sérstök tilraun til þessa árið 2016, þegar meðal annars var lögð fram tillaga um að innleiða eins samræmdar persónuverndarreglur og hægt er.
2. Aukið samstarf um gagnkvæma viðurkenningu. Þetta snýst um að taka upp ESB-regluna um gagnkvæma viðurkenningu innan Norðurlanda og beita henni þegar ríki hefur tekið upp tiltekna kröfur innan síns lands sem ekki eru samræmdar innan ESB.
3. Norrænn staðall þegar Evrópustaðall eða alþjóðlegur staðall er ekki í boði. Sameiginlegir staðlar þýða að fyrirtæki þurfa ekki að aðlaga vörur sínar að ólíkum kröfum á mismunandi mörkuðum.
4. Samræmd túlkun og framkvæmd á þjónustutilskipun ESB. Þjónustuviðskipti fara vaxandi en framkvæmd þjónustutilskipunar ESB er mismunandi milli Norðurlandanna. Samkomulag um túlkun og framkvæmd tilskipunarinnar myndi fjarlægja hindranir í viðskiptum.
5. Solvit-samstarfið. Þetta samstarf er bæði borgurum og fyrirtækjum til góðs þar sem það býður upp á ókeypis aðstoð við að kanna og vonandi leysa viðskiptahindranir.

Þetta eru nokkur dæmi um hvernig bæta má viðskipti milli landanna og hvernig er hægt að auka samþættingu. Þetta er áriðandi málefni og skoðun Flokkahóps íhaldsmanna er að innleiða skuli þessar tillögur sem fyrst og að Norðurlandaráð gefi með því skýrt merki um nýtt upphaf eftir heimsfaraldurinn.

Norðurlöndum, 28. september 2022



Ásmundur Friðriksson (Sj.)
Atte Kaleva (saml)
Brigitte Klinskov Jerkel (KF)
Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)
Cecilie Tenfjord Toftby (M)
Hans Wallmark (M)
Helge Orten (H)

Lene Westgaard-Halle (H)
Liv Kari Eskeland (H)
Maria Stockhaus (M)
Pål Jonson (M)
Saara-Sofia Sirén (saml)
Tone Wilhelmsen Trøen (H)
Ville Kaunisto (saml)